

## REGLUGERÐ

### um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árin 2013, 2014 og 2015 vegna hámarksgilda varnarefnaleifa og mats á þeim váhrifum sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2013, frá 4. maí 2013, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2012 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2013, 2014 og 2015 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, frá 16. maí 2013, bls. 215.

#### 2. gr.

Við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2012 bætist eftirfarandi málsgrein:

Íslandi er heimilt á árunum 2013, 2014 og 2015 að taka sýni og greina 61 varnarefni í samræmi við eftirlitsáætlun sem í gildi var fyrir árið 2012.

#### 3. gr.

Við 5. tölulið II. viðauka framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2012 bætist:

IS	12 (*) 15 (**)
NO	12 (*) 15 (**)

#### 4. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

#### 5. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

Nr. 1137

17. desember 2013

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Á sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 722/2010 og 912/2012.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. desember 2013.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Halldór Runólfsson.**

\_\_\_\_\_  
*Eggert Ólafsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2013